



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími:545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 22. janúar 2021
Tilv.: SRN20010076/4.6

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 5. janúar 2021, þar sem farið er fram á viðræður um „sættir vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga“. Í erindinu er upplýst um að borgin hafi höfðað mál á hendur íslenska ríkinu vegna kröfugerðarinnar. Um væri að ræða kröfur um greiðslu almennra framlaga til reksturs grunnskóla og framlaga vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál á árunum 2015 til 2019.

Þrátt fyrir málshöfðunina lýsir Reykjavíkurborg sig reiðubúna til viðræðna við íslenska ríkið um hugsanlegar sættir í málinu og að borgin hafi fulla trú á að slíkar viðræður geti skilað árangri.

Ráðuneytið vill af þessu tilefni minna á að Reykjavíkurborg var aðili að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga árið 1996 og tók þátt í þeirri vinnu að reikna út kostnaðarauka sveitarfélaga vegna tilfærslunnar. Því skýtur það skökku við að nú sé því haldið fram að samkomulagið feli í sér ólögmæta mismunun í garð borgarinnar, þegar jafnvel forsendur samkomulagsins eru óbreyttar. Eins og kunnugt er stendur fyrir dyrum vinna við heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og gildandi regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. bæði ályktun Alþingis nr. 21/150 um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, dags. 30. september sl. Skipulag þeirrar vinnu hefur þegar verið kynnt fyrir samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga og verður verkáætlun sett fram fljótlega. Það er mat ráðuneytisins að þar með sé kominn réttur vettvangur til að ræða breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og fyrirkomulag nauðsynlegra jöfnunaraðgerða og hvernig ná megi markmiðum um styrkingu tekjustofna sveitarfélaga og aukna fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Það eigi m.a. við um það fjármögnunarmodel sem sveitarfélög og ríki komu sér saman um í góðri sátt árið 1996 þegar kennslu- og stjórnendakostnaður í grunnskólum landsins var færður frá ríki til sveitarfélaga.

Ráðuneytið hefur hins vegar lýst yfir vilja sínum til að yfirfara sérstaklega hvort tilefni er til að endurskoða reglur er gilda um framlög vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Í því sambandi telur ráðuneytið málefnalegt að skoða hvort þróun nemendafjölda í Reykjavíkurborg með slíkan bakgrunn, í samanburði við önnur sveitarfélög, gefi tilefni til að

rýmka reglurnar borginni í vil. Því lýsir ráðuneytið sig tilbúið til slíkra viðræðna við Reykjavíkurborg, auk aðildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, ef það mætti verða til þess að ná sáttum í framangreindum ágreiningi. Öðrum kröfum og sjónarmiðum um endurskoðun tekjustofna verði beint í þann farveg sem ríki og sveitarfélög hafa komið sér saman um sbr. hér að framan. Ráðuneytið leggur jafnframt til að málefni Klettaskóla verði hluti af þeirri umræðu, sbr. fyrri samskipti aðila og ósk Reykjavíkurborgar þar að lútandi um endurskoðun á samningi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fulltrúar ráðuneytisins í þessum viðræðum eru ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála. Boðað verður til fyrsta fundar eins fljótt og verða má.



Sigurður Ingi Jóhannsson